

FRÉTTIR AF SINTRA VERKEFNINU

FRÉTTABRÉF #3
JANÚAR 2022

Verkefnið

SINTRA - Að ná fram sjálfbærni í gegnum innri nýsköpun (Achieving Sustainability through INTRAprenurship) er 24 mánaða Erasmus+ verkefni (KA2: Strategic Partnerships for adult education) sem ætlað er að þróa samþættan stuðning sem sniðinn er að þörfum fyrirtækja og stofnana sem vilja auka færni starfsfólks og stjórnenda í innri nýsköpun. Allt í þeim tilgangi að auka sjálfbærni.

Í þessu fréttabréfi

- Fréttir af verkefninu
- Samstarfsfundir

The Project partners

- ⇒ **Verkefnastjórn:** Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, — www.simenntun.is
- ⇒ APOPSI Information Technology, Consulting and Training Services S.A, Grikklandi — www.apopsi.gr
- ⇒ Creatrix ehf, Íslandi — www.creatrix.is
- ⇒ Dialogue Diversity Unipessoal Lda, Portúgal — www.dialogue-diversity.pt
- ⇒ VE-GO-RA, Króatíu — www.vegora.hr
- ⇒ YSBF Youth in Science and Business Foundation, Eistlandi — www.ysbf.org
- ⇒ Tora Consult Ltd., Búlgaríu — www.toraconsult.com

Markhópar

Markhópar verkefnisins eru starfsfólk og stjórnendur í einkageiranum og hjá hinu opinbera sem hafa áhuga á að auka sjálfbærni á sínum vinnustað með innri nýsköpun.

sintraproject.eu
facebook.com/sintraproject.eu


Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

Fréttir af verkefninu


Hönnun og uppsetning á kennslukerfi SINTRA fyrir nám á netinu er lokið

Gríski samstarfsaðilinn APOPSI SA hélt utan um þróun á kennslukerfi fyrir nám á netinu. Kennslukerfið mun styðja við tilraunakennslu í öllum þáttökulöndum og heldur utan um öll námsgögn sem þróuð hafa verið í verkefninu til að koma til móts við markhópana og áhugasama notendur í verkefninu og til lengri tíma.

Kennslukerfið inniheldur eftirtalda námsþætti sem eru aðgengilegir á ensku og á öllum tungumálum þáttökulandana:

- ⇒ Skilningur á skipulagsheildum og möguleikum þeirra til aukinnar sjálfbærni.
- ⇒ Mat á áhrifum innri nýsköpunar á þróun til sjálfbærni.
- ⇒ Tækifæri og nýskapandi hugmyndir fyrir þróun til sjálfbærni.
- ⇒ Mat á eigin getu til að efla sjálfbærni með innri nýsköpun.
- ⇒ Kynning eigin hugmynda og samvinna við stjórnendur í sjálfbærniverkefnum.
- ⇒ Stofnun og virkni nýsköpunarteyma til að auka sjálfbærni.

Hægt er að komast inn á kennslukerfið í gegnum heimasíðu verkefnisins: www.sintraproject.eu



Fréttir af verkefninu

Alþjóðlegir fundir í SINTRA verkefninu

Þriðji alþjóðlegi fundurinn var haldinn þann 27. og 28. september 2021 þar sem þátttakendur ræddu þróun námsefnis, tilraunakennslu, kennslukerfið, handleiðslu og ráðgjöf sem og verkefnastjórnun og stjórnsýslu almennt í verkefninu. Fundurinn var haldinn í Króatíu og skipulagður af VE-GO-RA. Fundurinn var bæði staðbundinn og á netinu í gegnum MS Teams.



Fjórði alþjóðlegi fundurinn í SINTRA verkefninu fór fram 11.—12. janúar í Aveiro í Portúgal. Vegna Covid-19 hamlanna komust aðeins samstarfsaðilar frá Búlgaríu, Króatíu og Íslandi á fundinn og aðrir samstarfsaðilar tóku þátt í gegnum MS Teams.

Rætt var um framgang verkefnisins hingað til og næstu skref í þróun verkefnisins eins og stuðning í tilraunakennslu um innri nýsköpun til að efla sjálfbærni og handleiðslu og ráðgjöf sem verður í boði fyrir þau fyrirtæki og stofnanir sem taka þátt í tilraunakennslunni í öllum þátttökulöndum.

